



Dream Sock Notkunarleiðbeiningar

Notaðu appið til að setja búnaðinn upp

Owlet Baby Care þjónustuver

+1 (844) 334-5330

Netfang: contact@owletcare.com

<https://support.owletcare.com/hc/en-us>

Útgáfudagur: 2024-07-26

QRG-19.0316 Rev 5



VIÐVÖRUN! Geymdu tækið og fylgihluti þess alltaf þar sem börn ná ekki til. Smáhlutir, þar á meðal skynjari og snúrur, geta valdið köfnunarhættu. Staðsettu viðtækið að lágmarki einn metra frá vöggunni. Snúran getur valdið kyrkingarhættu.



VIÐVÖRUN! Appinu er ekki ætlað að vera aðalupplýsingagjafinn. Viðtækið er aðalupplýsingagjafinn. Hafðu viðtækið alltaf það nálægt þér að þú heyrir vel í því. Vertu viss um að heyra í viðtækinu þrátt fyrir umhverfisljóð (t.d. vinnuvélar eða sjónvarp). Vertu viss um að ekkert liggi ofan á eða upp við viðtækið sem gæti dregið úr aðvörunarhljóðunum frá því.



TIL ÞESS AÐ VARAN OKKAR NÝTIST Á RÉTTAN HÁTT OG AF UMHYGGJU FYRIR BARNINU: BREGSTU STRAX VIÐ TILKYNNINGU FRÁ TÆKINU.



VIÐVÖRUN! OWLET DREAM SOCK KEMUR EKKI Í STAÐ EFTIRLITS FULLORÐINS AÐILA MEÐ BARNINU, GOTT UPPELDI EÐA ÖRUGGA SVEFNHEGÐUN.



Dream Sock er ekki ætlaður börnum með heilbrigðisvandamál. Ef barnið er veikt eða á við einhvers konar heilbrigðisvandamál að etja, skaltu hafa samband við lækni til að ákvarða hvort Owlet Dream Sock henti barninu.



Owlet Dream Sock með heilsufarstilkynningum er aðeins ætlaður ungbörnum 0-18 mánaða sem vega 2,5-13,6 kg.

Til að byrja með

Sæktu appið



Tengdu Owlet Dream appið við Dream Sock-tækið og settu það upp fyrir notkun.

Eftir niðurhal skaltu fylgja skrefunum í appinu sem leiða þig í gegnum:

- ✓ Stofnun reiknings
- ✓ Staðfestingu reiknings
- ✓ Uppsetningu tækis
- ✓ Tengingu við Wi-Fi
- ✓ Skráningu viðtækis
- ✓ Pörun sokka
- ✓ Uppsetningu barnaprófs
- ✓ Nauðsynlega vitneskju

Er Owlet Dream Sock rétta tækið fyrir þig og barnið þitt?

0-18 mánaða

2,5 - 13,6 kg

- Búnaðurinn er ætlaður ungbörnum **0-18 mánaða** sem vega á bilinu **2,5-13,6 kg**.
- Kemur ekki í stað eftirlits umönnunaraðila.

Yfirlit yfir búnaðinn

Sokkurinn heldur skynjaranum á fæti barnsins. Skynjarinn safnar álestri barnsins og sendir áfram til viðtækisins sem sendir upplýsingarnar í snjalltækið þitt.



Sokkar stærð 1 og 2
hægri og vinstri sokkur
fyrir hverja stærð



Sokkaskynjari



Viðtæki



USB rafmagnssnúra
og tengi



Spennubreytir



Leiðbeiningar fyrir
flýttuppsætningu



Dream App

Stærð sokka, lögun að fæti og staðsetning

Rétt sokkastærð, lögun að fæti og staðsetning eru skilyrði þess að Dream Sock virki rétt.

1. Taktu sokkinn af viðtækinu.

Þegar þú tekur sokkinn af hleðslutenginu birtist grænt, blikkandi ljós á viðtækinu. Það gefur til kynna að sokkurinn geti tekið við upplýsingum frá barninu. Þá er komið að því að setja sokkinn á fót barnsins.

2. Veldu úr 2 sokkastærðum

Í hverjum kassa eru alls 4 sokkar — 2 stærðir fyrir bæði vinstri og hægri fót. Notaðu leiðbeiningarnar hér að neðan til að velja upphafsstærð sokks miðað við þyngd. Skiptu um stærð ef þess er þörf, allt eftir því hvernig sokkurinn passar á fótinn.



VARÚÐ.

Staðfestu reglulega að sokkurinn passi vel á fótinn. Raunveruleg fótstærð barnsins getur verið frábrugðin leiðbeiningunum hér að ofan og börn stækka hratt. Hættu notkun búnaðarins þegar barnið þitt nær **13,6 kg** eða vex upp úr stærsta sokknum.

3. Settu skynjarann í sokkinn (ef hann er ekki þegar í)

Festu skynjarann við sokkinn með því að koma hakinu á skynjaranum fyrir við hakið á sokknum. Teygðu gatið á sokknum yfir skynjarann.



4. Komdu sokknum fyrir.

Settu sokkinn á samsvarandi fót (vinstri/hægri) með hakið á utanverðum fætinum fyrir aftan litlu tá. Sokkurinn ætti EKKI að snerta tærnar. Orðið „TOP“ á að vera ofan á fætinum við tærnar, ekki við ökkla.



VARÚÐ.

Ekki teygja ólarnar þegar þær eru festar. Óþarfa teygja leiðir til yfirspennu og aukinnar hættu á roða eða ertingu í húð.


5. Vertu viss um að sokkurinn sitji vel



ADVÖRUN. Röng staðsetning sokks getur leitt til húðkvilla.

Settu réttan sokk á réttan fót

Gættu þess að nota vinstri sokk fyrir vinstri fót og hægri sokk fyrir hægri fót. Hver sokkur er merktur með „Right“ (hægri) eða „Left“ (vinstri).



Verndaðu viðkvæma hluta


- Gakktu úr skugga um að grófi hluti festingarinnar snerti ekki húðina.
- Sokkurinn ætti ekki að ná yfir tærnar.



Skoðaðu sokkastærðina


Of lítill sokkur

Ef önnur hvor ólin nær ekki auðveldlega að festingunni skaltu prófa stærri stærð. EKKI teygja ólarnar og festa sokkinn of þétt. Það gæti valdið barninu óþægindum.



Of stór sokkur

Ef önnur hvor ólin fer yfir festinguna skaltu prófa minni stærð. Sokkurinn og ólarnar ættu að liggja þétt upp að fætinum.



Athugaðu ólarnar

Gakktu úr skugga um að ólarnar sitji rétt. EKKI strekkja þær of mikið. Ólarnar ættu að liggja flatar án þess að þrýsta inn í húðina. EKKI teygja ólarnar þegar þær eru festar - það leiðir til ofherðingar.

6. Skoðaðu viðtækið

Þegar sokkurinn er kominn á barnið skaltu snúa athyglinni að viðtækinu. Grænt ljós sem blikkar mjúklega merkir að tækið tekur við merkjum frá barninu og að þau séu eðlileg.

Forðastu roða og ertingu í húð

Röng notkun sokks getur leitt til óþæginda á borð við roða í húð, þrýstingssára eða blöðrumyndunar á fæti barnsins.

Forðastu ertingu í húð

- Veldu rétta sokkastærð fyrir barnið þitt.
- Ekki nota húðkrem eða barnapúður undir sokkinn. Haltu húðinni hreinni og þurri.
- Gakktu úr skugga um að sokkurinn sé rétt staðsettur og stilltur.
- Skoðaðu húðina undir sokknum á 4 klukkustunda fresti á fyrstu viku notkunar og eftir að skipt hefur verið um sokkastærð. Tímabundin ummerki eftir sokkinn við notkun eru eðlileg ef þau dofna innan 8 klst.
- Skipta þarf um þann fót sem sokkurinn mælir á að minnsta kosti 8 klst fresti.
- Sokk og skynjara skal handþvo á 2 vikna fresti eða þegar þeir eru óhreinir. Tryggðu að hlutirnir séu fullkomlega þurrir fyrir næstu notkun.
- Athugaðu hvort húðin á fótum barnsins hafi orðið fyrir ertingu í hvert skipti sem sokkur er notaður. EKKI nota sokk á fót sem ber merki um ertingu í húð.

Hvað á að gera ef vart verður við húðertingu?

- Hættu alveg að nota sokk á þann fót sem sýnir merki um húðertingu. Notið sokkinn eingöngu á fótinn með eðlilegan húðlit þar til einkenni hverfa.
- Ef einkenni hverfa ekki innan 8 klukkustunda skaltu hafa samband við lækni eða hjúkrunarfræðing til þess að meta hvort þörf sé á frekari mælingum á súrefnismettun.
- Hafðu samband við þjónustuver Owlet til að fá aðstoð til að koma í veg fyrir roðamerki.
- Skoðaðu húðina undir sokknum á fætinum með eðlilega húðlit á 4 klst fresti til að tryggja að erting komi ekki fram.
- Ef erting kemur fram á báðum fótum skaltu hætta notkun og hafa samband við lækni eða hjúkrunarfræðing.
Sé sokkurinn notaður áfram á erta húð getur það valdið frekari skaða á húðinni.



Umhirða sokksins



Með góðri umhirðu sokka, skynjara og viðtækis endist Dream Sock lengur og fer betur með fót barnsins. Við mælum með því að þvo sokk og skynjara að minnsta kosti á tveggja vikna fresti og viðtækið að minnsta kosti á 30 daga fresti. Þó gæti þurft að þvo hlutina oftar ef þeir óhreinkast.


Vinsamlega skoðaðu kafla 8 í notendahandbókinni: Þrif, til að fá nákvæmari þvottaleiðbeiningar.

Rétt staðsetning viðtækis

Þegar appið er klárt fyrir notkun þarf að finna góðan stað fyrir viðtækið. Staðsetning viðtækisins innan veggja heimilisins er mikilvæg fyrir virkni tækisins og öryggi. Notaðu leiðarvísinn hér að neðan til að finna rétta staðinn fyrir viðtækið þitt.

Staðsetning viðtækisins

- Heppilegasta staðsetningin fyrir viðtækið er ekki endilega inni í sjálfu barnaherberginu, en það fer eftir skipulagi heimilisins. Þú gætir líka þurft að færa viðtækið til yfir daginn til þess að geta alltaf heyrt í því.
- Viðtækið er upplýsingamiðill búnaðarins og í því birtast allar tilkynningar bæði sjónrænt og með hljóði. Það ætti því að vera staðsett þannig að umönnunaraðili heyrir í því þrátt fyrir hávaða í umhverfinu eða truflanir. Færðu viðtækið til yfir daginn, sé þess þörf.
- Viðtækið ætti að vera staðsett þannig að það vekir umönnunaraðila þegar tilkynningar frá því berast. Ljósinn á viðtækinu dimmast sjálfkrafa í myrku rými.
- Viðtækið verður að vera innan sendingarfæriss frá Wi-Fi-sendi heimilisins.
- Í flestum tilfellum þurfa skynjari og viðtæki einungis að vera staðsett á sama heimili (innan við 30 m fjarlægð) til þess að senda samskipti sín á milli. Stærð og skipulag heimilisins geta hins vegar haft áhrif á merkisstyrk og gert það að verkum að tækin verði að vera nær hvort öðru.



VARÚÐ.

Ekki hafa viðtækið eða snúrur nálægt vögggu barnsins eða þar sem barnið nær til, til að draga úr slysa hættu.

EKKI koma viðtækinu fyrir þar sem hætta er á að það gæti fallið og lent á barninu. Það gæti valdið meiðslum.

Bluetooth-sendingarvið (í appi)

- Gefur upp styrk Bluetooth-tengingar skynjara við viðtæki.
- Til að bæta tengingu við skynjarann skaltu færa viðtækið nær barninu.

Mælt er með



Góð



Ágæt




Slæm



Engin tenging

Þegar búnaðurinn er ekki í notkun — slökktu á viðtækinu og settu skynjarann í hleðslu




Settu skynjarann á viðtækið til að hætta að notkun tækisins og hlaða skynjarann. Þetta slekkur einnig á öllum tilkynningum þar til skynjarinn er tekinn af viðtækinu aftur.

Viðtækið sýnir hvítt púlserandi ljós á meðan skynjarinn hleður sig. Þegar skynjarinn er fullhlaðinn hættir ljósið að blinka og lýsir stöðugt. Skynjarinn hleður sig að fullu á 90 mínútum og hleður nægilega fyrir 8 tíma notkun á 20 mínútum.

Einnig er hægt að ýta á viðtækið þar til það gefur frá sér hljóð og ljósið slökkvar (engin móttaka upplýsinga). Engar tilkynningar berast þótt skynjarinn sé enn á barninu. Snögg snerting kveikir aftur á viðtækinu og það heldur áfram móttöku upplýsinga.



ÝTA HÉR



Endurheimt

Þótt slökkt sé á viðtækinu hefst móttaka upplýsinga aftur eftir 20 mínútur, ef vart verður við 4 mínútur af ótrufluðum upplýsingalestri.

Hægt er að slökkva á endurheimtarham á stjórnborði fyrir sokka á heimaskjá appsins. Það kviknar sjálfkrafa á honum aftur þegar næsta notkun hefst.

Tilkynning verður send ef ekki er hægt að virkja endurheimtarham.

Ljós á viðtæki	Staða	Merking (ástæða tilkynningar)	Æskileg viðbrögð
Blikkandi rautt Hátt viðbúnaðarstig	Lág púlstíðni	Púls undir 50 slög á mínútu	Gættu strax að barninu og athugaðu hvort allt sé í lagi. Það sem þarf að athuga er öndun barnsins þíns, húðlitur (er húðin blá eða föl), virkni og árvekni. Ef þú heldur að eitthvað sé að skaltu leita læknisaðstoðar.
	Há púlstíðni	Púlstíðni yfir 220 slög á mínútu	
	Lág súrefnismettun	Súrefnismettun undir 80%	
Blikkandi gult Miðlungs viðbúnaðarstig	Móttækur ekki/illa upplýsingar	Skynjarinn gæti verið illa staðsettur og nær því ekki að senda gildar upplýsingar í 90 sekúndur, EDA ekki hafa borist neinar upplýsingar í 240 sekúndur og um talsverða hreyfingu er að ræða.	Athugaðu staðsetningu skynjarans og gakkðu úr skugga um að barnið sé ekki á mikilli hreyfingu (t.d. í vaggandi sæti eða haldið sé á því). Það getur tekið 10 - 20 sekúndur fyrir þessa tilkynningu að hverfa þegar skynjaranum hefur verið komið fyrir á réttum stað OG barnið hættir að hreyfa sig. Slökktu á eftirliti þar til hreyfingin hættir.
	Aflmissir	Viðtæki hefur misst samband við aflgjafa og notar straum af rafhlöðu.	Athugaðu tengingar og endurtengdu við rafmagn eða hættu notkun.
	Vandamál með tengingu	Skynjari aftengist við viðtæki í 60 sekúndur vegna þess að hann er utan tengisviðs viðtækis, hefur misst rafmagn eða innra vandamál hefur komið upp.	Færðu viðtækið nær skynjaranum eða gakktu úr skugga um að ekkert sé í vegi fyrir merkjasendingu á milli tækjanna. Athugaðu rafhlöðustig skynjarans í appinu.
Blátt lýsandi Lágt viðbúnaðarstig	Lág hleðsla á skynjararafhlöðu	Rafhlöðuending skynjara er 50 mínútur eða styttri.	Tengja þarf skynjarann við hleðslutæki.
Blikkandi fjólblátt Tilkynning	Svefnaðstoð	Barnið þitt hreyfir sig of mikið eða hefur verið á hreyfingu í langan tíma.	Líttu inn til barnsins, það gæti þurft á aðstoð að halda við að sofna aftur.



Ljós á viðtæki

Merking (staða tækis)



Púlsandi grænt

Skynjari er tengdur við viðtæki og tekur við upplýsingum



Snöggblikkandi grænt

Skynjari fær fyrstu boð eða barnið er á hreyfingu. Mælingar sjást ekki í appi þegar hreyfing er mikil.



Lýsandi hvítt

Skynjari hefur náð fullri hleðslu á viðtækinu.



Púlsandi hvítt

Skynjari er í hleðslu á viðtækinu.



Blikkandi hvítt

Skynjarinn sem er í hleðslu á viðtækinu er ekki paraður við viðtækið




Skynjarinn sem er í hleðslu á viðtækinu er paraður við annað viðtæki

Tilkynningar um heilsufar

Sjáðu puls og súrefnismettun í rauntíma á meðan á svefni stendur ásamt því að fá tilkynningar ef púlstíðni eða súrefnismettun fara út fyrir fyrirframgefin gildi.


Svið púlstíðni

Tilkynning er send þegar puls barnsins er:



Svið súrefnismettunar

Tilkynning er send þegar súrefnismettun barnsins er:





Hvernig kveikt er á tilkynningum um heilsufar

Kveikt er á tilkynningum um heilsufar í stillingum tækisins.

Kveikt á tilkynningum um heilsufar

Til að kveikja á tilkynningum um heilsufar skaltu fara í stillingar á þínum síðum (account).

Þar geturðu kveikt á tilkynningum og færð um leið þjálfun í notkun búnaðarins. Þú þarft að ljúka prófun á tilkynningahljóði með rauðu ljósi til þess að ljúka þjálfuninni.



Almennt svið fyrir móttöku upplýsinga í rauntíma

Þegar þú færð rauða tilkynningu ættirðu tafarlaust að fara til barnsins og athuga ástand þess. Það sem þarf að huga að er öndun barnsins, húðlitur (eru húðin blá eða föl?), virkni og árvekni. Ef þú heldur að ástand barnsins sé ekki eðlilegt skaltu leita lækni

Sjá kafla 7.2 í Dream Sock notendahandbókinni fyrir frekari upplýsingar um eðlilegar mælingar.

Púlstíðni

Þegar tilkynningar um heilsufar hafa verið virkjaðar sýnir appið púlstíðni barnsins í rauntíma. Það er eðlilegt að púlstíðni í svefni sé lægri en hjá vakandi barni. Það er líka eðlilegt að mælingar á barninu séu mismunandi í gegnum svefntímann þegar þau vakna og sofna aftur, bylta sér eða gráta. Skoðuðu healthchildren.org fyrir frekari upplýsingar eða talaðu við lækni um hvers konar áhyggjuefni.

Aldur	Eðlilegur svefnpúls	Eðlilegar vökupúls
0-3 mánaða	90–160 slög á mínútu	100–205 slög á mínútu
4-12 mánaða	90–160 slög á mínútu	100–180 slög á mínútu
12-18 mánaða	80–120 slög á mínútu	98–140 slög á mínútu

Súrefnismettun

Það er eðlilegt að súrefnismettun barnsins þíns lækki í svefni og jafnvel sveiflast til eftir mismunandi svefnstillingum og -stigum. Eðlileg súrefnismettun er yfir 90% en það getur verið eðlilegt að mettin fari niður fyrir 90% af og til. Ef mælingar sýna langvarandi eða tíð tímabil undir 90% súrefnismettun skaltu gæta að barninu og meta hvort leita þurfi lækis.

Aldur	Eðlileg súrefnismettun
0 mánaða - 18 mánaða	90-100%

- Teljið að tilkynning um heilsufar hafi verið send án þess að ástæða hafi verið til, gæti orsökinni verið eitthvað af eftirlifrandi:
- Staðsetning sokksins
 - Hreyfing eða grátur
 - Fæðuinntaka/loftþrosun
 - Kaldir fætur

Leiðbeiningar fyrir bilanagreiningu

Notaðu eftirfarandi bilanaleitarleiðbeiningar til að leysa úr vandamálum í tengslum við uppsetningu, tengingu og notkun. Fyrir upplýsingar um bilanaleit tilkynninga, þar á meðal tæknilegar tilkynningar, sjá fyrri síðu.

Vandamál	Mögulegar orsakir	Aðgerðir
Owlet Wi-Fi sést ekki við uppsetningu	Ekki er kveikt á viðtækinu	Stingdu viðtækinu í samband
	Þegar tengt við Wi-Fi-net	Athugaðu hvort græna Wi-Fi ljósið neðst á viðtækinu logar. Ef svo er, geturðu sleppt þessu skrefi og haldið áfram að setja upp reikninginn þinn í appinu.
Owlet-appið sýnir ekki Wi-Fi-net heimilisins	Netbeinir heimilisins er 5,0 GHz (Owlet styður aðeins 2,4 GHz)	Gakktu úr skugga um að farsíminn þinn sé tengdur við 2,4 GHz net (flestir 5,0 GHz beinar styðja einnig 2,4 GHz)
Viðtækið tengist ekki Wi-Fi-netinu	Lykilorðið er rangt	Athugaðu hvort rétt Wi-Fi-lykilorð hafi verið notað
	Viðtækið er utan sendisviðs Wi-Fi-beinisins.	Færðu viðtækið nær Wi-Fi beininum fyrir uppsetningu
	Wi-Fi-netið þitt virkar ekki	Prófaðu að endurræsa farsímann og tengjast aftur við Wi-Fi-netið eða endurræsa Wi-Fi-beininn.
	Wi-Fi krefst auðkenningar í gegnum vafra eða hefur eldveggi uppsetta.	Prófaðu annað net.
	Netbeinir heimilisins er 5,0 GHz (Owlet styður aðeins 2,4 GHz)	Gakktu úr skugga um að farsíminn þinn sé tengdur við 2,4 GHz net (flestir 5,0 GHz beinar styðja einnig 2,4 GHz)
Ekki hægt að skrá sig inn í appið	Gleymt lykilorð	Skráðu nýtt lykilorð Sjá kafla 10.2 í notkunarleiðbeiningunum.
Skynjari tengist ekki við viðtæki	Skynjari er utan móttökusviðs viðtækis	Færðu viðtækið á annan stað.
	Önnur tæki trufla skynjarann.	Færðu annan rafeindabúnað sem er í nágigi við skynjara eða viðtæki eða færðu viðtækið á annan stað.
Viðtækið skráir sig ekki inn á Owlet iOS app-reikninginn þinn.	Viðtækið og síminn þinn eru ekki tengd við sama Wi-Fi-net.	Staðfestu að farsíminn og viðtækið séu tengd við sama Wi-Fi-net.
	Viðtækið aftengdist Wi-Fi-netinu.	Athugaðu græna Wi-Fi-ljósið neðst á viðtækinu. Það ætti að lýsa. Ef ekki, reyndu þá að endurtengja viðtækið við Wi-Fi-netið.

Vandamál	Mögulegar orsakir	Aðgerðir
Viðtækið aftengdist internetinu.	Viðtækið er utan drægnisviðs Wi-Fi-beinisins.	Færðu viðtækið og Wi-Fi-beininn nær hvort öðru. (ATH: hvorki Wi-Fi-framlengingarsendir né annar beinir kemur að gagni hér.)
	Wi-Fi-tenging heimilisins virkar ekki.	Endurræstu Wi-Fi-beininn þinn
Appið uppfærir sig og biður þig um að setja kerfið upp aftur	Viðtækið var skráð á annan notandareikning.	Aðeins er hægt að skrá viðtækið á einn reikning í einu. Notaðu sama reikninginn fyrir alla umönnunaraðila.
	Annar reikningur var notaður við innskráningu.	Skráðu þig út úr appinu og skráðu þig inn með réttum notandaupplýsingum.
Ekki er hægt að skrá sig út úr forritinu	Uppsetningu er ekki lokið	Ljúktu við uppsetningu eða fjarlægðu appið og settu það upp aftur.

Frekari upplýsingar er að finna í eftirfarandi köflum í notendahandbókinni:

Þarftu hjálp?

KAFLI	KAFLAHEITI	KAFLI	KAFLAHEITI
1	Almennar upplýsingar	5	Uppsetning
1.1	Hagnýting	7	Notkun Owlet Dream-appsins
2	Öryggisupplýsingar	6.3	Tilkynningar og varúðarmerki
4.3	Viðtæki	8	Þrif á sokk og skynjara
4.4	Skynjari	11	Bilanagreining
4.5	Sokkur	12	Tæknilégar upplýsingar

Hafðu samband við þjónustuver Owlet Baby Care
Owlet Baby Care, Inc.
3300 N Ashton Blvd., Suite 300
Lehi, UT 84043 Bandaríkjunum
www.owletcare.com

Flýttivísirinn á fleiri tungumálum:

[QR kóði]

<https://support.owletcare.com/hc/en-us/articles/26037400413325>

Für eine übersetzte Version dieses Documents verwenden Sie bitte die oben angegebene URL.

Brúk URL-adressen ovenfor for á finne en översatt versjon av dette dokumentet.

Per una versione tradotta del presente documento usare l'URL di cui sopra.

Pour une version traduite de ce document, utilisez l'adresse URL ci-dessus.

Brug webadressen ovenfor for at få vist en oversat version af dette dokument.

Si desea consultar una versión traducida de este documento, use la url anteriormente indicada.

Använd ovanstående url för att få en översatt version av detta dokument.

Zie bovenstaande URL voor een vertaalde versie van dit document.

Para consultar a versão traduzida deste documento, utilize o URL acima.

Aby uzyskać przetłumaczoną wersję tego dokumentu, użyj powyższego adresu URL.

Pro přeloženou verzi tohoto dokumentu použijte výše uvedenou adresu URL.

Preloženú verziu tohto dokumentu nájdete na vyššie uvedenej adrese URL.

A dokumentum lefordított változatához használja a fenti URL-címet.

Pentru o versiune tradusă a acestui document, vă rugăm să utilizați adresa URL de mai sus.

За преведена версия на този документ, моля, използвайте URL адреса по-горе.

Για μια μεταφρασμένη έκδοση αυτού του εγγράφου, χρησιμοποιήστε την παραπάνω διεύθυνση.

